



FUNDARGERÐ

232. fundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs
haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , mánudaginn 23. október 2023
og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Eggert Valur Guðmundsson, Nanna Jónsdóttir, Tómas Birgir Magnússon, Hulda Karlsdóttir, Einar Bárðarson, Klara Viðarsdóttir, Jón G. Valgeirsson og Anton Kári Halldórsson.

Fundargerð ritaði: Hulda Karlsdóttir, .

Nanna Jónsdóttir sat fundinn á fjarfundi.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit 2023 - 2302079

Farið yfir rekstraryfirlit jan-sept

Rekstraryfirlit frá janúar til september 2023 lagt fram til kynningar. Reksturinn er að mestu skv. áætlun.

2. Rekstraráætlun 2023 - viðauki - 2310071

Lagður fram viðauki við rekstraráætlun 2023

Lagður fram viðauki við fjárhagsáætlun 2023. Gert er ráð fyrir hækkun tekna að upphæð 36 m.kr. og aukinni fjárfestingu að upphæð 12,9 m.kr. Tilfærsla er milli aðkeyprar þjónustu og launa að upphæð 4,9 m.kr.

Stjórn samþykkir viðaukann og vísar honum til staðfestingar aðildarsveitarfélaga.

3. Ýmsar upplýsingar úr daglegum rekstri - 2101057

Farið yfir ýmis rekstrarmál.

Lagt fram minnisblað frá framkvæmdastjóra þar sem m.a. var farið yfir verðkönnun varðandi afsetningu á úrgangi, starfsmannamál, lausnir vegna sorpbrennslu og hugsanlegar framkvæmdir við botnþéttingu. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir kynningu á sorpbrennslulausnum með stjórn.

4. Gjaldskrá 2024 - 2310068

Lögð fram tillaga að gjaldskrá 2024

Lögð fram tillaga að gjaldskrá 2024. Lagt er til að sorphirðu- og sorpeyðingargjöld verði óbreytt árið 2024. Blandaður úrgangur hækkar lítillega milli ára, plast lækkar og gjald fyrir heimsendan gám hækkar um 3.000 kr. Stjórn samþykkir fyrirliggjandi gjaldskrá og vísar henni til afgreiðslu aðildarsveitarfélaga.

5. Rekstraráætlun 2024 - 2310067

Rekstraráætlun 2024 lögð fram til samþykktar.

Rekstraráætlun 2024 lögð fram. Gert er ráð fyrir að tekjurnar verði 229 m.kr. og gjöld fyrir utan fjármagnsliði 197 m.kr. Gert er ráð fyrir að handbært fé frá rekstri verði 35,9 m.kr. og að fjárfestingar verði 35 m.kr. Stjórn leggur til að fjárfestingar hækki um 3,0 m.kr. vegna starfsmannaðstöðu. Rekstraráætlun er samþykkt með þeim breytingum sem lagt var til og vísað til staðfestingar aðildarsveitarfélaga.

6. Fundargerðir Sorpstöðvar Suðurlands - 2203021





319. og 320. stjórnarfundir Sorpstöðvar Suðurlands lagðir fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:15.


Eggert Valur Guðmundsson

Nanna Jónsdóttir


Tómas Birgir Magnússon


Jón J. Jónsson

Þinnu Þindars

Huldur Karlsson

Aronson